

1. fundur Skólaráðs Bláskógaskóla í Reykholti, haldinn í bókasafninu í Bláskógaskóla í Reykholti mánudaginn 5. október 2015 kl. 15:10

Mættir: Agla Þyri Kristjánsdóttir (fulltrúi kennara), Aðalheiður Helgadóttir (fulltrúi kennara), Gústaf Sæland (fulltrúi nemenda), Margrét Svanhildur Kristinsdóttir (fulltrúi nemenda), Herdís Friðriksdóttir (fulltrúi foreldra), Hildur Ósk Sigurðardóttir (fulltrúi foreldra), Guðný Rósa Magnúsdóttir (fulltrúi starfsmanna) og Kristín Hreinsdóttir skólastjóri.

Agla Þyri ritaði fundargerð.

Skólastjóri setti fund og stýrði honum.

1. Farið yfir **skipun skólaráðs** og hvert er hlutverk þess. Fyrsta verkefni skólaráðsins var að tilnefna fulltrúa grenndarsamfélags. Óskað eftir að fundamenn tilnefndu fulltrúa úr grenndarsamfélaginu. Nokkrar tillögur komu fram og mun skólastjóri hafa samband við tilnefnda fulltrúa.
2. **Breytingar á skólahaldi.** Skólarnir á Laugarvatni og í Reykholti voru aðskildir sl. haust. Samstarf verður þó áfram á milli skólanna en fjárhagur er aðskilinn, ekki sama heimasíða og ekki sömu starfsmenn. Starfsfólk kemur þó til með að hittast og vinna saman eins og kostur en, en hvor skóli mun þó þó móta eigin sýn og stefnu. Nemendur á unglíngastigi á Laugarvatni koma enn í Reykholt tvo daga í viku í valgreinar, náttúrufræði og dönsku. Nokkrar umræður urðu um fyrirkomulagið. Það kom fram í umræðunum að nemendur í Reykholti vildu gjarnan fá nemendur frá Laugarvatni alla daga Reykholt og töldu nemendur að Laugvetningar vildu jafnvel gjarnan koma í Reykholt að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Fyrirsjáanleg fækkun er í skólunum.

Rætt hvort ætti að halda skólaþing og kanna hug fólks til skólamála og jafnvel fá utanaðkomandi aðila, t.d. Capacent. Óskað eftir því að ef svona vinna á að fara fram að vinnan sé nýtt en ekki kastað ofan í skúffu. Kristín taldi ekki nauðsynlegt að fá utanaðkomandi aðila að gerð skólastefnu skólans. Rætt um að stefna að dagsþingi eða kvöldstund þar sem starfsmenn, nemendur og aðrir geta tekið þátt í hugmyndavinnu, þing þar sem foreldrar og börn sem og aðrir í grenndarsamfélaginu geta komið með tillögur og þróað hugmyndir um sína skólasýn.

Nemendur vilja hafa áhrif á **skólareglur**, hvernig þær eru orðaðar. Fatnaður nefndur, tyggjó og snjallsímar.

3. **Samvinna við leikskólann Álfaborg, Kerhólsskóla, Bláskógaskóla á Laugarvatni.**

Í ár hefur samvinnan verið aukinn milli Bláskógaskóla Reykholti og Álfaborgar.

Fundarmenn lýstu yfir ánægju með þetta aukna samstarf og vilja gjarnan halda því áfram.

Eftir áramót mun Silja Þorsteinsdóttir frá Selfossi koma og kenna dans. Verður það gert á þriðjudögum og fimmtudögum og stefnt er samstarfi við leikskólann.

Námskeiðið verður um sex vikur.

Nemendur í 8. og 9. bekk frá Kerhólsskóla, Laugarvatni og Reykholti fara saman á **Laugar í Sælingsdal**, en þau eru samtals 27.

Skáld í skólum er einnig samstarfsverkefni milli áðurnefndra skóla og fara yngstu nemendurnir á Borg þann 20. okt., miðstigið fer á Laugarvatn þann 21. okt. og unglíngastigið verður hér í Reykholti þann 23. okt.

Einnig er hafið **samstarf á milli félagsstöðvanna** og hittast nemendur til skiptis á Borg og Reykholti og á Laugarvatni. Þar er Gerður Dýrfjörð með umsjón og verið er að vinna að því að finna aðila til að sjá um starfið hér í Reykholti.

4. **Skóladagatal 2015 – 2016.** Dagatalið er hefðbundið en nú mun líklega bætast inn í það dansinn sem verður í janúar-febrúar 2016. Rætt var um vetrarfrí, hvort og hvenær á það að vera og komu fram ýmsar hugmyndir. Umræðan verður tekin upp aftur á vörfundum þegar skóladagatal næsta skólaárs verður í umræðu.

Nemendur í 1. – 4. bekk eru fjóra daga í viku í skólanum. Rætt var um hvort þörf væri á að breyta því. Rætt um hvort þyrfti að vera tvöfaldur skólaakstur eða hvort auka þyrfti tólmstundaúrræði fyrir yngsta stigið, s.s. íþróttaskóla, skólasel, o.fl., hugsanlega með aðkomu ungmennafélagsins.

5. **Almennur hluti skólanámskrár Bláskógaskóla**

Skólasel er á öðrum tíma en var áður, er nú á mánudögum en var á fimmtudögum.

Námsmat verður breytt í samræmi við breytingar á aðalnámskrá grunnskóla.

Námsmat er gefið út í bókstöfum. Um er að ræða breyttar áherslur í námsmati og á

bókstafakerfið að gefa nemendum og foreldrum þeirra betri vísbendingu um hvar nemandi stendur.

Engar athugasemdir voru gerðar við almennan hluta skólanámskrár.

6. **Skólareglur og umgengnishættir.** Rætt var um mikilvægi þess að nemendur tækju þátt í mótun skólareglna. Sú hugmynd kom upp að haldinn yrði samráðsfundur nemenda í 7.-10. bekk þar sem fjallað væri sérstaklega um skólareglur og nemendur gefinn kostur á að skila álitum. Rætt var um orðalag reglnanna og símanotkun rætt. Tillaga kom upp um að nemendafélagið gerði „tilraun“ þar sem prófað yrði að vera með símalausan dag eða frímínútur.

Gústaf og Margrét fóru af fundi um kl. 16:30.

7. Starfsáætlun.

Farið lauslega yfir niðurstöður skólapúlsins frá síðasta ári og greint frá umbótaáætlun sem gerð var í kjölfarið. Auka á fjölbreytni í kennsluháttum. ART var sett í gang til að taka á þáttum er snúa að líðan nemenda í samræmi við niðurstöður Skólapúlsins. Aðalheiður hefur trú á því að ART muni skila umbótum og er nú þegar farin að sjá breytingar í nemendahópnum.

Farið var yfir starfsáætlun og helstu breytingar frá fyrra ári.

Agla Þyri nefndi að hún hefði áhyggjur af því að starfsmenn væru að vinna að mörgum verkefnum í einu en að öðru leyti væri hún samþykkt starfsáætlun eins og aðrir fundamenn.

Starfsáætlun samþykkt.

Fundi slitið kl. 16:55 en þá var gengið um skólann.

8. Að lokum var gengið um skólann og skoðaðar þær breytingar sem gerðar hafa verið á verkgreinarými skólans.